

**AÐALNÁMSKRÁ TÓNLISTARSKÓLA**  
**RYTMÍSK TÓNLIST – drög**  
**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ 2009**

# EFNISYFIRLIT

Formáli

Nám í rytmískri tónlist

Upphaf náms

Tengsl við nám í klassískri tónlist

Þættir í hljóðfæra- og tónfræðanámi í rytmískri tónlist

Hljóðfæranám

Verk

Safnlistar

Upprit

Æfingar

Tónstigar og hljómar

Utanbókarnám

Nótnalestur

Snarstefjun

Tónsmíðar

Heildarsvipur

Samleikur

Tónfræðanámi

Tengsl hljóðfæra- og tónfræðanáms

Námsmat og próf

Almennt um námsmat

Áfangapróf

Skipulag og tilgangur

Samræming mats og prófdæming

Einkunnagjöf og lágmarkseinkunn

Prófskírteini

Lengd prófa

Almennar prófreglur – hljóðfæra- og tónfræðapróf

Prófreglur – hljóðfærapróf

Prófreglur – tónfræðapróf

Grunnpróf tónlistarskóla

Hljóðfærapróf

Tónfræðapróf

Miðpróf tónlistarskóla

Hljóðfærapróf

Tónfræðapróf

Framhaldspróf tónlistarskóla

Hljóðfærapróf

Tónfræðapróf

Tónleikar

Námslok

Skýringar við einstaka prófþætti á áfangaprófum

Verk

Safnlistar

Upprit

- Æfingar
  - Tónstigar og hljómar
  - Val – grunnpróf
  - Val – miðpróf
  - Val – framhaldspróf
  - Óundirbúinn nótnalestur
  - Heildarsvipur
- Stigspróf
  - Skipulag
  - Prófdæming og einkunnagjöf
- Píanó
  - Nokkur atriði varðandi nám á píanó og hljómborð
  - Grunnnám
    - Markmið í grunnnámi
    - Verkefnalisti í grunnnámi
    - Grunnpróf
  - Miðnám
    - Markmið í miðnámi
    - Verkefnalisti í miðnámi
    - Miðpróf
  - Framhaldsnám
    - Markmið í framhaldsnámi
    - Verkefnalisti í framhaldsnámi
    - Framhaldspróf
- Rafgítar
  - Nokkur atriði varðandi nám á rafgítar
  - Grunnnám
    - Markmið í grunnnámi
    - Verkefnalisti í grunnnámi
    - Grunnpróf
  - Miðnám
    - Markmið í miðnámi
    - Verkefnalisti í miðnámi
    - Miðpróf
  - Framhaldsnám
    - Markmið í framhaldsnámi
    - Verkefnalisti í framhaldsnámi
    - Framhaldspróf
- Kontrabassi
  - Nokkur atriði varðandi nám á kontrabassa
  - Grunnnám
    - Markmið í grunnnámi
    - Verkefnalisti í grunnnámi
    - Grunnpróf
  - Miðnám
    - Markmið í miðnámi
    - Verkefnalisti í miðnámi
    - Miðpróf
  - Framhaldsnám
    - Markmið í framhaldsnámi

Verkefnalisti í framhaldsnámi  
Framhaldspróf

Rafbassi

Nokkur atriði varðandi nám á rafbassa  
Grunnnám

Markmið í grunnnámi  
Verkefnalisti í grunnnámi  
Grunnpróf

Miðnám

Markmið í miðnámi  
Verkefnalisti í miðnámi  
Miðpróf

Framhaldsnám

Markmið í framhaldsnámi  
Verkefnalisti í framhaldsnámi  
Framhaldspróf

Trommusett

Nokkur atriði varðandi nám á trommusett  
Um námsefni  
Um skiptingu náms- og prófþátta

Grunnnám

Markmið í grunnnámi  
Verkefnalisti í grunnnámi  
Grunnpróf

Miðnám

Markmið í miðnámi  
Verkefnalisti í miðnámi  
Miðpróf

Framhaldsnám

Markmið í framhaldsnámi  
Verkefnalisti í framhaldsnámi  
Framhaldspróf

Blásturs-, strok- og önnur hljóðfæri

Grunnnám

Miðnám

Markmið í miðnámi  
Verkefnalisti í miðnámi  
Miðpróf

Framhaldsnám

Markmið í framhaldsnámi  
Verkefnalisti í framhaldsnámi  
Framhaldspróf

Söngur

Nokkur atriði varðandi nám í söng

Grunnnám

Markmið í grunnnámi  
Verkefnalisti í grunnnámi  
Grunnpróf

Miðnám

Markmið í miðnámi

- Verkefnalisti í miðnámi
- Miðpróf
- Framhaldsnám
  - Markmið í framhaldsnámi
  - Verkefnalisti í framhaldsnámi
  - Framhaldspróf
- Tónfræðanám
  - Skipulag tónfræðanáms
  - Grunnnám
  - Miðnám
    - Markmið í miðnámi
    - Miðpróf
  - Framhaldsnám
    - Djasshljómfræði
    - Tónheyrn
    - Djass- og rokksaga
    - Valgrein
    - Markmið í framhaldsnámi
    - Framhaldspróf
- Tónfræðanám sem aðalnámsgrein
  - Inntökuskilyrði og námskröfur
    - Tónsmíðar
    - Útsetningar
    - Tölvutækni
  - Markmið
    - Tónsmíðar
    - Útsetningar
    - Tölvutækni
    - Námslok
  - Námsmat og próf
- Lagasöfn og spunabækur
- Tónstigar

# FORMÁLI

Aðalnámskrá tónlistarskóla skiptist annars vegar í almennan hluta og hins vegar í greinanámskrár fyrir einstök hljóðfæri og námsgreinar í tónlistarskólum. Námskrárnar miðast við þá skipan tónlistarnáms sem mælt er fyrir um í almennum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla.

Í almennum hluta aðalnámskrár eru hlutverk og meginmarkmið tónlistarskóla skilgreind. Náminu er skipt í þrjá námsáfanga, grunnám, miðnám og framhaldsnám, og lögð áhersla á samræmt námsmat við lok áfanganna. Jafnframt er lögð áhersla á sjálfstæði og frumkvæði einstakra skóla, skapandi starf og samvinnu í skólastarfi.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er ætlað að tryggja fjölbreytni en jafnframt að stuðla að samræmingu þeirra námsþátta sem aðalnámskrá tekur til, bæði innan einstakra tónlistarskóla og á milli skóla.

Almenn atriði varðandi námsþætti og námsmat er að finna í almennum hluta aðalnámskrár. Þar er einnig að finna umfjöllun um áfangapróf, þ.m.t. tilgang, skipulag, prófþætti og vægi þeirra, lengd prófa, prófreglur, prófdæmingu og einkunnagjöf. Því er mikilvægt er að allir, sem hlut eiga að máli, kynni sér almennan hluta aðalnámskrár tónlistarskóla vandlega.

Í almennum hluta aðalnámskrár er mælt til þess að tónlistarskólar skilgreini starfssvið sitt í eigin skólanámskrám. Við þá námskrárgerð er hverjum skóla ætlað að taka mið af stefnumörkun aðalnámskrár tónlistarskóla ásamt því að sinna sérhæfðum og staðbundnum markmiðum.

# NÁM Í RYTMÍSKRI TÓNLIST

Hugtakið rytmísk tónlist er safnheiti yfir djass, rokk og skyldar tónlistartegundir sem ekki teljast til klassískrar tónlistar í almennri merkingu þess hugtaks. Miðað er við nám í rytmískri tónlist sé eins upp byggt og lúti sömu lögmálum og annað tónlistarnám sem skilgreint er í aðalnámskrá tónlistarskóla en viðfangsefni eru að miklu leyti önnur.

Viðfangsefni nemenda í rytmísku námi geta verið margvísleg og ættu allar gerðir rytmískrar tónlistar, þ.m.t. djass, popp, rokk og ólíkar gerðir heimstónlistar, að geta rúmast innan námsins eftir óskum nemenda, áherslum og aðstæðum á hverjum stað. Æskilegt er að nemendur í grunnnámi kynnist eins fjölbreyttri rytmískri tónlist og kostur er. Í mið- og framhaldsnámi er aukin áhersla lögð á djasstónlist sem nokkurs konar þungamiðju í náminu þó að áfram sé rúm aðrar gerðir rytmískrar tónlistar. Við lok framhaldsnáms er gert ráð fyrir að nemendur séu undir það búnir að takast á við háskólanám í rytmískri tónlist en víðast hvar er slíkt nám mjög djassmiðað.

Í námskrá í rytmískri tónlist eru sett fram sameiginleg meginmarkmið hinna þriggja ólíku námsstiga, grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms, fyrir öll hljóðfæri. Í þessari námskrá er einnig að finna sértæk markmið og prófkröfur fyrir eftirfarandi hljóðfæri: píanó, rafgítar, kontrabassa, rafbassa, söng og trommusett. Nám á blásturs-, strok- og önnur hljóðfæri byggist annars vegar á sameiginlegum markmiðum þessara hljóðfæra og hins vegar á sértækum markmiðum hefðbundinna greinanámskráa viðkomandi hljóðfæra.

Umfjöllun um tónfræðagreinir í rytmísku tónlistarnámi birtist í sérstöku kafla en gert er ráð fyrir sérhæfðu tónfræðagreinánámi fyrir nemendur í rytmískri tónlist frá upphafi miðnáms.

## Upphaf náms

Nám í rytmískri tónlist getur hafist á ýmsum aldri. Sumir nemendur hefja tónlistarnám með rytmísku sniði en aðrir stunda hefðbundið tónlistarnám áður en rytmískt nám hefst. Þá er ótalinn sá hópur sem kynnist rytmískri tónlist meðfram hefðbundnu tónlistarnámi eða alfarið upp á eigin spýtur. Þessi fjölbreytti bakgrunnur og ólíki aldur nýnema í rytmískri tónlist kallar á sveigjanleika í námsframboði og kröfum, einkum í fyrri hluta námsins.

Í ljósi þessa er boðið upp á tvær grundvallarleiðir til að hefja nám í rytmískri tónlist, annars vegar geta nemendur stundað rytmískt nám frá byrjun og hentar þessi leið t.d. vel fyrir nemendur á rafgítar, bassa og trommur. Hins vegar er mögulegt, að nemendur, sem lokið hafa almennu grunnprófi á sitt hljóðfæri, hefji rytmískt tónlistarnám í miðnámi. Þessi leið á vel við eðli blásturs- og strokhljóðfæra.

## Tengsl við nám í klassískri tónlist

Almennt er gert ráð fyrir að nemendur í íslenskum tónlistarskólum stundi annaðhvort hefðbundið tónlistarnám eða nám í rytmískri tónlist. Í báðum tilfellum eru megináfangarnir þrír, grunnnám, miðnám og framhaldsnám. Mögulegt er að skipta á milli námsleiða, þ.e. að fara frá klassísku námi yfir í rytmískt og öfugt. Nemandi, sem lokið hefur klassísku grunnprófi, þarf ekki nauðsynlega að taka rytmískt grunnpróf áður en hann tekst á við miðnám í rytmískri tónlist. Við lok miðnáms þarf hann hins vegar að hafa náð öllum markmiðum rytmískrar námskrár bæði í grunn- og miðnámi og má því gera ráð fyrir að námstíminn lengist sem því nemur. Hið sama gildir að sjálfsögðu um nemanda sem fer frá rytmískri tónlist yfir í klassíska.

Á sama hátt getur nemandi, sem lokið hefur miðprófi í einum tónlistarstíl, farið beint í framhaldspróf í öðrum að því gefnu að öllum markmiðum fyrri áfanga beggja stíla hafi verið náð. Bent er á að ekkert er þó því til fyrirstöðu að nemandi, sem lokið hefur einu áfangaprófi, taki sama próf í öðrum tónlistarstíl telji kennari og nemandi það heppilegt.

Ofangreindar reglur eiga ekki við ef nemandi skiptir um hljóðfæri. Í slíkum tilfellum þarf alltaf að byrja frá grunni.

# ÞÆTTIR Í HLJÓÐFÆRA- OG TÓNFRÆÐANÁMI Í RYTMÍSKRI TÓNLIST

Meginviðfangsefni tónlistarskóla er nám og kennsla í hljóðfæraleik, söng og tónfræðum. Í aðalnámskrá tónlistarskóla er kveðið á um að við lok tiltekinna námsáfanga þurfi nemendur að uppfylla ákveðnar samræmdar kröfur um hæfni í þessum greinum. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytni í starfi tónlistarskóla og að tekið sé tillit til margbreytilegra áhugasviða nemenda, getu þeirra og þroska.

## Hljóðfæranám

Hljóðfæranám í rytmískri tónlist er tvíþætt, annars vegar þurfa nemendur að ná góðum tæknilegum tökum á hljóðfærum sínum á sambærilegan hátt og nemendur í hefðbundnu tónlistarnámi. Hins vegar snýst námið um þjálfun í spuna og fjölmörgum öðrum atriðum sem greina rytmíska tónlist frá annarri tónlist.

## Verk

Í rytmískri tónlist felst flutningur verka annars vegar í túlkun laglínu og hins vegar í spuna. Fyrir nemendur á hljómahljóðfæri kemur einnig til flutningur hljómagangs í undirleik. Trommuleikur byggir á öðrum forsendum sem skilgreindar eru í viðeigandi kafla síðar í þessu riti.

Í grunnnámi geta viðfangsefni nemenda spannað vítt svið rytmískrar tónlistar og ekki eru gerðar kröfur um ákveðnar stíltegundir. Í mið- og framhaldsnámi er hins vegar gert ráð fyrir að djasstónlist sé nokkurs konar burðarás í náminu og að vægi hennar sé ekki minna en helmingur viðfangsefna. Ástæður þessa eru meðal annars þær að kennsla djasstónlistar á sér lengri og meiri hefð og felur í sér skýrari námsframvindumöguleika en aðrar gerðir rytmískrar tónlistar. Benda má á að djass er mjög vítt hugtak og sú þekking og reynsla, sem nemendur öðlast í djasstengdu námi, nýtist í víðu samhengi. Þá má benda á að framboð kennsluefnis er mun meira en í öðrum gerðum rytmískrar tónlistar.

Mikilvægt er að laglínur séu fluttar á sannfærandi hátt og með persónulegum blæ. Undirleikur þarf að vera rytmískur, vel raddsettur og stílrænt viðeigandi. Spuni er þungamiðja rytmískt tónlistarnáms. Það eru því ekki síst hljómrænar forsendur og spunamöguleikar laga sem ráða þyngdarstigi þeirra. Þessar forsendur eru að mestu leyti óháðar hljóðfærum. Þess skal gæta að viðfangsefni séu fjölbreytt og að yfirferð verkefna í hverjum námsáfanga sé viðunandi áður en hugað er að áfangaprófi.

## Safnlistar

Í heimi rytmískrar tónlistar er nauðsynlegt að kunna talsverðan fjölda laga sem aðrir kunna líka. Af þessum sökum er mikilvægt að í náminu sé jafnt og þétt aukið við lagakunnáttu og haldið við því sem áður hefur verið lært. Mælt er með því að halda skrá yfir þau lög sem lærð hafa verið en jafnframt getur verið hentugt að gera lista yfir lög sem æskilegt er talið að læra. Eðlilegt er að löggin séu einföld í upphafi en þyngst eftir því sem lengra dregur í náminu. Miðað er við að sá lagafjöldi, sem bætist við frá einum námsáfanga til annars, sé af þyngdarstigi hins nýja áfanga.

Æskilegt er að nemendur kynnist íslenskri tónlist bæði djassi og annars konar rytmískri tónlist og ekkert er því til fyrirstöðu að hún sé með á safnlistum, enda þótt alþjóðleg tónlist ætti að vera í meirihluta eðli málsins samkvæmt. Miðað er við að einungis útgefin tónlist, hvort heldur er á nótum eða hljóðriti, teljist gjaldgeng á lista.

Miðað er við að djasstónlist sé að minnsta kosti helmingur laga á safnlista við lok mið- og framhaldsnáms en í grunnnámi eru ekki gerðar kröfur um viðfangsefni í tilteknum stíltegundum.

## Upprit

Upprit er þýðing á enska orðinu transcription og vísar til niðurritunar eða utanbókarlærdóms á hljóðrituðum spunaköflum þekkra tónlistarmanna. Tilgangurinn með slíku er að þroska tilfinningu fyrir hendingamótun, hryntilfinningu, stíl, tón, lagrænu flæði, skilningi á línubýggingu og hljómrænu innihaldi í spuna. Auk þess þroskar starf af þessu tagi tóneyra og nótnaritun.

Að minnsta kosti fjórar leiðir eru til að hafa gagn af uppritun. Hugsanlegt er að læra einleikskafli utan að án þess að rita hann niður. Einnig er hugsanleg að rita niður án þess að læra utan að. Í þriðja lagi er mögulegt að vinna með upprit úr útgefnum bókum. Í fjórða lagi er hugsanlegt að rita niður eða læra utan að gagnlega styttri búta úr lengri sólóum. Hafa má gagn af öllum þessum aðferðum, hverri fyrir sig eða blöndun þeirra. Eðlilegt er að upprit verði lengri og meira krefjandi eftir því sem lengra dregur í náminu.

Upprit eru flutt á mið- og framhaldsprófum. Á miðprófi geta nemendur valið um hvort þeir flytja eigið eða útgefið upprit. Í báðum tilfellum skal flutningurinn þó vera utanbókar en uppritinu skilað til prófdómara. Á framhaldsprófi er miðað við að nemendur flytji upprit sem þeir hafi unnið sjálfir, lært utan að og skrifað niður. Þegar um eigið upprit nemanda er að ræða skal skila snyrtilega frágengnu uppriti með nótum og hljómatáknum til prófdómara í prófinu.

Erfitt er að setja algilda viðmiðun varðandi lengd upprita, hvort heldur er í tíma eða formi, þar sem innihaldið getur verið mjög miskrefjandi. Í miðnámi má þó til viðmiðunar nefna u.þ.b. tvo kórusa af 32 takta lagformi (þ.e. 64 taktar), 5–6 kórusa af 12 takta blúsformi eða sambærilega lengd. Í framhaldsnámi má miða við u.þ.b. þrjá kórusa af 32 takta lagformi eða 8–9 kórusa af 12 takta blúsformi eða sambærilega lengd.

Meginatriði er að heildarflutningur nemandans sé sannfærandi. Í þeim tilvikum, sem heppileg verkefni fara út fyrir getustig nemandans, má benda á þann möguleika að spila stöku nótur eða hendingar áttund ofar eða neðar en fyrirmyndin ef viðkomandi einleikskafli gerir of miklar hljóðfæratæknilegar kröfur miðað við námsstig nemandans.

## Æfingar

Góðar æfingar (etýður) stuðla að markvissri uppbyggingu hljóðfæratækni en taka auk þess á túlkunaratriðum, svo sem hendingamótun, styrk og blæbrigðum. Miðað er við að nemendur í rytmísku námi fái við sömu eða sambærilegar æfingar og nemendur í hefðbundnu tónlistarnámi á sama hljóðfæri. Annaðhvort má nýta klassískar æfingar

eða sambærilegar æfingar af rytmískum toga. Í báðum tilfellum þarf að gæta þess að þau verkefni, sem valin eru, séu skrifuð sem æfingar.

## Tónstigar og hljómar

Fjöldmörg atriði þjálfast með markvissri æfingu tónstiga og hljóma, meðal annars tækni, tónmyndun, inntónun og tónsvið. Síðast en ekki síst eru tónstigar og hljómar byggingarefni tónlistar og hráefni til spuna og því grundvallarþáttur í rytmísku tónlistarnámi. Í ljósi þessa er mikilvægt að nemendur skilji uppbyggingu tónstiga og hljóma og þekki notagildi þeirra til spuna. Regluleg vinna með tónstiga og hljóma er því undirstaða framfara á ýmsum sviðum.

## Utanbókarnám

Sterk hefð er fyrir því að rytmísk tónlist sé leikin utanbókar. Þetta helgast meðal annars af forsendum spunans og þeirri staðreynd að form og laglínur eru alla jafna styttri en í klassískri tónlist. Í náminu er því eðlilegt að leggja áherslu á utanbókarlærdóm þó ekki sé nauðsynlegt að öll verkefni, sem fengist er við, séu lögð á minnið. Nauðsynlegt er að nemendur læri tónstiga og hljóma utanbókar frá upphafi náms.

## Nótnalestur

Nótnalestur í rytmískri tónlist felst annars vegar í hefðbundnum nótnalestri og hins vegar í lestri hljómatákna. Hljómatáknin eru undirstaða spuna en nemendur á hljómahljóðfæri nýta þau einnig til undirleiks.

Markviss þjálfun í nótnalestri er mikilvægt grundvallaratriði í tónlistarnámi, m.a. til að nemendur geti greiðlega tileinkað sér tónlist og tekið þátt í samspili. Mikilvægt er að nemendur læri að góður nótnalestur felur einnig í sér skilning og túlkun ýmissa leiðbeinandi orða og tákna.

Óundirbúinn nótnalestur þarf að æfa reglubundið í kennslustundum og heimanámi. Til þess þarf að velja efni eftir getu hvers og eins. Miða má við verkefni sambærileg þeim sem nemendur hafa fengist við í hljóðfæranámi einu til þremur árum áður. Á sama hátt er nauðsynlegt að nemendur, sem leika á tónflutningshljóðfæri, s.s. trompet og saxófón, þjálfist reglulega í tónflutningi, einkum nótna sem skrifaðar eru fyrir C-hljóðfæri. **Ekki er þó gert ráð fyrir tónflutningi á áfangaprófum í rytmískri tónlist.**

## Spuni

Snarstefjun eða spuni er þungamiðja í djasstónlist og mikilvægur þáttur í öðrum gerðum rytmískrar tónlistar. Spuni er því afar mikilvægur þáttur í öllu rytmísku tónlistarnámi sem ber að sinna jafnt í einkakennslu, tónfræðagreinum og samspili. Leiðsögn í spuna þarf að vera fyrir hendi frá upphafi námsins og gæta þarf að eðlilegri framvindu varðandi þennan námsþátt allan námstímann.

## Tónsmíðar

Tónsmíðar eru eðlilegur hluti starfssviðs flestra hljóðfæraleikara sem fást við rytmíska tónlist. Því er mjög æskilegt að nemendur fái örvun til tónsmíða, jafnvel allt frá upphafi námsins. Vægi þessa námsþátta getur verið breytilegt og veltur meðal annars á áhuga nemandans og áherslum skólans.

## Heildarsvipur

Hluti tónlistarnáms felst í því að læra að flytja tónlist á öruggan og sannfærandi máta, undirbúa og setja saman efnisskrá. Jafnframt er nauðsynlegt að leiðbeina nemendum um örugga og viðeigandi framkomu, ekki síst á tónleikum og á prófum. Þjálfar þarf nemendur reglulega í öllum þessum atriðum. Markviss kennsla á þessu sviði nýtist öllum nemendum síðar, hvort sem þeir verða tónlistarmenn eða hasla sér völl á öðrum sviðum.

Eftir því sem lengra miðar í náminu vegur heildarmynd tónlistarflutnings nemandans, jafnt á tónleikum sem og prófum, þyngra. Hér átt við aðra þætti en hljóðfæraleik, m.a. val meðleikara, getu þeirra og frammistöðu, útsetningar, samsetningu og framsetningu efnisskrár. Mikilvægt er að reglulega sé unnið að þessum námsþætti undir leiðsögn kennara en með vaxandi áherslu á frumkvæði og sjálfstæði nemandans. Stefnt skal að því að við lok framhaldsnáms sé nemandi fær um að standa fyrir heildstæðum, sannfærandi og persónulegum tónleikum.

## Samleikur

Samspil er grundvallaratriði í rytmísku tónlistarnámi. Samspilskennsla tengir saman ólíka þræði rytmískt tónlistarnáms, svo sem einkakennslu og tónfræðagreinar, og að vissu leyti má segja að iðkun samleiks sé lokatakmark í rytmísku tónlistarnámi. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að nemendur stundi samspil á hverju ári og gjarnan í fleiri en einum samspilshópi.

Mikilvægt er að tónlistarskólar leggi metnað í samspilsstarf, bjóði upp á ólíka samspilshópa og eins breitt úrval rytmískrar tónlistar og mögulegt er eftir aðstæðum og áherslum á hverjum stað. Nauðsynlegt er að samspilshópar starfi reglulega, þ.e. allt skólaárið, og þeim gefist kostur á koma fram bæði innan og utan skólans. Bent er á þann möguleika að skólar á nærliggjandi svæðum sameinist um stærri samleikshópa, svo sem stórsveitir og kóra, en einnig kann að vera heppilegt að skólar með litla rytmíska starfsemi sameinist um litla samspilshópa.

## Tónfræðanám

Í aðalnámskrá eru fleirtöluorðin tónfræði og tónfræðagreinar notuð sem samheiti fyrir ýmsar greinar, svo sem tónfræði, hljómfæði, tónheyrn, tónlistarsögu, tónsmíðar og snarstefjun. Tölvunám tengt tónlist telst einnig til tónfræðanáms, hvort heldur tölvun er notuð til tónsköpunar, nótnaritunar, sem tóngjafi eða upptökutæki. Miðað er við að nemendur í rytmísku tónlistarnámi stundi hefðbundið grunnám en frá og með miðnámi sé um sérhæft tónfræðanám að ræða.

Þó að gert sé ráð fyrir að nemendur í rytmísku tónlistarnámi stundi hefðbundið grunnám í tónfræðagreinum ásamt öðrum tónlistarskólanemum má benda á þann möguleika að stærri skólar eða skólar, sem sérhæfa sig í rytmískri tónlist, safni nemendum í grunnámi í rytmískri tónlist saman í sérstaka tíma. Þessir nemendur þurfa augljóslega að ná sömu markmiðum og aðrir grunnnámsnemendur í tónfræðagreinum en æskilegt gæti verið að veita þeim meiri þjálfun og stuðning varðandi tónstiga, hljóma og tónheyrn sem nýtist þeim í hljóðfæranáminu. Annar

möguleiki er að nemendur í rytmísku námi stundi grunnnám í tónfræðagreinum með öðrum nemendum en auk þess sé nemendum í rytmískri tónlist boðið upp á sérstaka tíma þar sem unnið væri með efni sem styður hljóðfærakennslu og samleik. Tekið skal fram að tónlistarskólum er hvorki skylt að bjóða upp á viðbótarnám né sérhæft nám í tónfræðagreinum fyrir grunnnámsnema í rytmískri tónlist.

Í miðnámi er eins og áður segir gert ráð fyrir sérhæfðu tónfræðanámi í rytmískri tónlist. Miðað er við að um samþætta kennslu tónfræðagreina sé að ræða. Í framhaldsnámi er aftur á móti gert ráð fyrir að tónfræðagreinar séu kenndar aðskildar. Þó er ekkert því til fyrirstöðu að einstakir skólar samþætti tvær eða fleiri tónfræðagreinar svo lengi sem markmiðum námskrár er mætt.

Nauðsynlegt er að tónfræðanám tengist fjölbreyttri rytmískri tónlist af ýmsu tagi. Þó er gert ráð fyrir að djasstónlist, aðferðir hennar og leiðir séu þungamiðja í náminu. Um inntak og námsþætti er nánar fjallað í kafla um tónfræðagreinar síðar í þessu riti.

Nauðsynlegt er að tónlistarskólar, sem bjóða upp á rytmískt hljóðfæranám í mið- og framhaldsnámi, bjóði upp á viðeigandi tónfræðagreinar samkvæmt þessari námskrá.

## Tengsl hljóðfæra- og tónfræðanáms

Tengsl hljóðfæra- og tónfræðanáms eru afar mikilvæg í rytmísku tónlistarnámi. Ýmsir námsþættir, svo sem tónheyrn, hljómrænn skilningur og spunatækni, þjálfast bæði í tónfræðagreinum, samspili og hljóðfæranámi. Þekking, sem aflað er á einum stað, styður framvindu á öðrum. Í rytmísku tónlistarnámi eru þessi tengsl annars eðlis og áþreifanlegri en í öðru tónlistarnámi.

## Nótnaheiti og hljómatákn

Í heimi rytmískrar tónlistar hafa þróast aðrar hefðir varðandi nótna- og hljómaheiti en þær sem þekktar eru úr klassískri tónlist. Hefðir rytmískrar tónlistar mótast af málsvæðum enskrar tungu en hafa náð heimsútbreiðslu á síðustu áratugum. Í rytmískri tónlist er nótan H almennt kölluð B og nótan B kölluð Bb (Bes). Þetta er raunin í nánast öllu útgefnu efni sem varðar rytmíska tónlist víðast hvar í heiminum. Til hægðarauka og einföldunar er því notast við alþjóðlegar hefðir rytmískrar tónlistar í þessum hluta aðalnámskrár tónlistarskóla.

Ýmsar leiðir eru til að rita hljóma með bókstafstáknum. Ólíkar aðferðir og ekki fullkomlega samræmdar hafa þróast í mismunandi heimshlutum og því miður er ekki til eitt samræmt kerfi fyrir alla heimsbyggðina. Því er mikilvægt að nemendur þekki algengustu aðferðir og skilji þá hugsun sem að baki liggur.

# NÁMSMAT OG PRÓF

Í þessum kafla og næstu tveimur er fjallað um námsmat í tónlistarskólum. Í þessum kafla eru almennar ábendingar um námsmat og í næsta kafla er gerð grein fyrir áfangaprófum í tónlistargreinum.

Námsmat er öll viðleitni til að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfs og hvernig nemendum hefur tekist að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er að bæta nám og kennslu. Í því felst ekki síst að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja.

Námsmat á meðal annars að veita nemendum, foreldrum/forráðamönnum þeirra og kennurum upplýsingar um námsgengi nemenda, einkum frammistöðu, framfarir, ástundun og sókn að settum markmiðum. Þá þarf námsmat að gefa vísbendingar um það hvort námsmarkmið hafi verið raunhæf og kennsluáferðir við hæfi. Enn fremur er mikilvægt að af námsmati sé unnt að draga ályktanir um það hvort skólastarfið er í samræmi við námskrár og yfirlýst markmið skólans.

## Almennt um námsmat

Mikilvægt er að mat á árangri kennslu og framvindu náms sé fastur liður í skólastarfi. Með því að meta stöðu nemenda í upphafi námstímabils má meðal annars fá gagnlegar upplýsingar sem auðvelda skipulag kennslu og stuðla að markvissu námi. Mat á námi verður að vera óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt. Reglulega þarf að meta alla þætti námsins, svo sem áhuga, virkni, skilning, þekkingu og leikni, í samræmi við vægi þeirra í náminu. Markmið tónlistarnáms eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim. Því er nauðsynlegt að matsaðferðir séu fjölbreytilegar og í samræmi við eðli settra markmiða. Skólastjóri og kennarar bera ábyrgð á námsmati innan hvers skóla, bæði einstökum þáttum þess og þeim aðferðum sem beitt er.

Suma námsþætti hentar að meta með prófum. Niðurstöður prófa veita upplýsingar um það hvernig nemendum hefur tekist að leysa tiltekin viðfangsefni á ákveðnum tíma samkvæmt markmiðum og skilgreindum kröfum námskrár. Annars konar aðferðir kunna að henta betur þegar meta þarf aðra þætti námsins. Til að veita upplýsingar um langtímaframfarir getur verið heppilegt að nota umsagnir eða dagbók um námsframvindu nemenda. Vel hentar einnig að nota gátlista,<sup>1</sup> umsagnir og aðrar huglægar aðferðir þegar meta á skapandi vinnu nemenda, þátttöku í samleik og samsöng, framkomu á tónleikum, yfirferð viðfangsefna og fjölbreytni í verkefnavali. Við námsmat má jafnframt beita ýmiss konar tækjabúnaði. Til dæmis má nefna hljóð- og myndupptökur sem gagnlegar eru við margs konar námsmat. Þær má meðal annars nota til að safna upplýsingum um virkni og samvinnu nemenda, leikni þeirra, skilning og afrakstur skapandi starfs. Upptökur geta auk þess nýst vel við sjálfsmat nemenda. Um meðferð þess efnis, sem þannig er safnað, gilda sömu reglur og um önnur

<sup>1</sup> Atriðalisti þar sem skráð er hvort nemandi hefur náð tókum á tilteknum þáttum í náminu. Á gátlista með matskvarða skráir kennari mat sitt á ákveðnum eiginleikum út frá fyrirframgefnum viðmiðunum.

námsmatsgögn, þar á meðal þau lög er á hverjum tíma gilda um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og þær reglur sem settar eru með stoð í þeim lögum.

Formlegt mat á námsárangri fer fram með prófum. Annars vegar eru áfangapróf og lúta þau ákveðnum reglum, sjá nánar í næsta kafla. Hins vegar eru próf sem skólar hafa frjálsar hendur um, svo sem stigspróf, sjá nánar bls. \*\*, könnunarpróf og vorpróf.

Sjálfsmat nemenda, sem byggist á gagnrýninni hlustun og þekkingu, er nauðsynlegur hluti af vinnuferli í öllu tónlistarnámi. Einnig geta samræður milli nemenda og kennara um einstök verkefni eða námið í heild flokkast undir námsmat.

Starfsmönnum tónlistarskóla ber að gera nemendum og foreldrum/forráðamönnum vandlega grein fyrir því mati sem fram fer í skólanum eigi sjaldnar en árlega.

Óski nemandi eða foreldri/forráðamaður eftir skriflegri umsögn um stöðu nemanda í námi er tónlistarskólum skylt að verða við slíkri beiðni.

Umsagnir og annan vitnisburð<sup>2</sup> þarf að setja fram á skýran og ótvíræðan hátt þannig að ekki fari á milli mála við hvað er átt. Ef vitnisburður er gefinn með tölum er nauðsynlegt að útskýra hvað þær merkja og hvernig þær eru fengnar. Sama á við ef notaðir eru bókstafir.

Skólum er frjálst að ákveða með hvaða hætti niðurstöður námsmats eru birtar nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Æskilegt er að samræma framsetningu vitnisburðar innan hvers skóla.

Flytjist nemandi milli skóla er það á ábyrgð viðtökuskóla að meta stöðu hans í námi. Þetta á við um nemendur sem ekki hafa lokið áfangaprófi eða eru staddir milli áfangaprófa í námi sínu.

---

<sup>2</sup> Átt er við einkunn í víðasta skilningi, t.d. í forni talna, bókstafa eða orða.

# ÁFANGAPRÓF

Við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms skulu nemendur þreyta áfangapróf, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Ekki er nauðsynlegt að nemendur ljúki báðum hlutum áfangaprófs á sama ári en nemandi getur ekki þreytt miðpróf fyrr en grunnprófi er að fullu lokið. Sömuleiðis þarf að ljúka báðum hlutum miðprófs áður en framhaldspróf er tekið. Til að ljúka framhaldsprófi þarf nemandi að halda sjálfstæða tónleika innan eða utan skólans auk þess að standast próf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum.

## Skipulag og tilgangur

Tilgangur áfangaprófa er fjölþættur. Prófunum er ætlað að skera úr um hvort og að hve miklu leyti nemendur uppfylla ákveðnar samræmdar kröfur um hæfni. Þeim er einnig ætlað að afla upplýsinga um nám og kennslu á vissum sviðum innan tónlistarskóla, meta frammistöðu nemenda í samræmi við markmið og kröfur aðalnámskrár og gera nemendum grein fyrir eigin frammistöðu í hverjum prófþætti. Enn fremur eru prófin lokapróf í viðkomandi áfanga innan tónlistarskólans.

Áfangapróf í hljóðfæraleik geta farið fram hvenær sem er skólaársins. Gert er ráð fyrir að nemendur þreyti próf þar sem þeir stunda nám en skólum er þó heimilt að sameinast um prófstað eða prófstaði sé það hagkvæmara.

## Samræming mats og prófdæming

Til að tryggja samræmi, hlutlaust mat og þar með sem áreiðanlegastar niðurstöður á áfangaprófum í hljóðfæraleik skulu utanaðkomandi prófdómarar dæma prófin.<sup>3</sup> Miðað er við að einungis sérþjáfaðir prófdómarar á sviði rytmískrar tónlistar dæmi áfangapróf í rytmískri tónlist. Þessir prófdómarar dæma próf á öll hljóðfæri, jafnt grunnpróf, miðpróf sem framhaldspróf. Því er ekki gert ráð fyrir sérhæfingu prófdómara eftir hljóðfærum og námsstigum.

## Einkunnagjöf og lágmarkseinkunn

Á áfangaprófum í hljóðfæraleik skal bæði gefa skriflegar umsagnir um hvern prófþátt og einkunn í tölustöfum (einingum).<sup>4</sup> Frammistaða nemanda í sérhverjum prófþætti er metin til eininga allt að tilgreindu hámarki. Samanlagður hámarkseiningafjöldi allra prófþátta á hverju prófi er 100 einingar og skal gefið í heilum einingum. Einkunn er reiknuð á þann hátt að deilt er í heildareiningafjölda með 10. Nota skal hundrað eininga kvarða og tilgreina einkunn með tölunum 1 til 10 og einum aukastaf, t.d. gefa 79 einingar einkunnina 7,9. Gerð er grein fyrir vægi prófþátta í umfjöllun um einstök

<sup>3</sup> Frekari útfærsla á samræmingu mats og prófdæmingu er í höndum Prófanefndar tónlistarskóla.

<sup>4</sup> Í tónlistarskólum er hugtakið einingar notað við mat á frammistöðu nemenda og útreikning einkunna á hljóðfæraprófum.

áfangapróf á bls. \*\*. Til að standast áfangapróf þarf nemandi að ná samtals 60 einingum í hljóðfæraleik sem samsvarar lágmarkseinkunn 6,0 og jafnframt að hljóta sömu lágmarkseinkunn í tónfræðagreinum. Sjá nánar á bls. \*\*.

## Prófskírteini

Prófskírteini, sem notuð eru á áfangaprófum, eru tvenns konar. Annars vegar eru vitnisburðarblöð þar sem fram koma einkunnir og umsagnir fyrir viðkomandi prófhluta og hins vegar áfangaprófsskírteini án einkunna og umsagna. Vitnisburðarblöð skulu afhent nemanda að loknum hverjum prófhluta. Áfangaprófsskírteini eru afhent þegar nemandi hefur lokið áfangaprófi að öllu leyti.

## Lengd prófa

Til að tryggja að próftími fari ekki fram úr hófi eru sett viðmið um hámarks lengd áfangaprófa. Miða skal við að heildarpróftími á grunnprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 30 mínútur, próftími á miðprófi ekki fram yfir 50 mínútur og framhaldspróf taki ekki lengri tíma en eina klukkustund. Í öllum tilfellum er átt við heildarpróftíma og gert ráð fyrir að allir prófþættir, þar með talinn flutningur tónstiga og hljóma, valþáttur og óundirbúinn nótnalestur, ásamt eðlilegum hvíldartíma milli prófþátta, rúmist innan gefinna tímamarka.

## Almennar prófreglur – hljóðfæra- og tónfræðapróf

1. Kennarar bera faglega ábyrgð á undirbúningi nemenda og á því að meta hvenær þeir eru tilbúnir til að þreyta áfangapróf í hljóðfæraleik og tónfræðum.
2. Það ræðst eingöngu af heildareinkunn allra prófþátta í hljóðfæraleik og tónfræðum hvort nemandi stenst próf eða ekki. Til að standast áfangapróf þarf nemandi að ná samtals 60 einingum í hljóðfæraleik sem samsvarar lágmarkseinkunn 6,0 og jafnframt að hljóta sömu lágmarkseinkunn í tónfræðagreinum.<sup>5</sup>
3. Kennurum ber að útskýra fyrir nemendum og foreldrum/forráðamönnum hvað niðurstöður hljóðfæra- og tónfræðaprófa merkja.
4. Komi til ágreinings um einkunnagjöf eiga nemandi og foreldri/forráðamaður rétt á að fá ítarlegar útskýringar á forsendum og niðurstöðum mats, bæði í hljóðfæra- og tónfræðaprófum.

## Prófreglur – hljóðfærapróf

1. Við val prófverkefna skal kennari gæta þess að lengd prófsins sé í samræmi við tímamörk aðalnámskrár. Miðað er við að prófverkefni séu leikin til enda.

---

<sup>5</sup> Til að standast framhaldspróf í tónfræðagreinum þarf lágmarkseinkunnina 6,0 í hverri grein, sjá nánar í kafla um tónfræðagreinar síðar í þessu riti.

2. Kennari skal gæta þess að þyngd prófverkefna sé í samræmi við kröfur námskrár.
3. Fylgja skal fyrirmælum námskrár um fjölda, inntak og umfang prófþátta. Þannig getur t.d. eitt langt verk ekki komið í stað tveggja styttri og einstakir kaflar sama tónverks ekki talist aðskildir prófþættir.
4. Fylgja skal fyrirmælum námskrár varðandi tónstiga og hljóma sem undirbúnir skulu fyrir hvert áfangapróf. Á prófi velur prófdómari hvaða tónstigar og hljómar eru leiknir.
5. Nemandi ræður röð prófþátta.
6. Áfangapróf skulu einungis dæmd af utanaðkomandi prófdómurum.
7. Gæta skal þess að sami prófdómari dæmi ekki mörg ár í röð í sama skóla.
8. Kennari skal leggja verkefnalista prófsins fyrir prófdómara fyrir upphaf prófs. Einnig skal á öllum prófum fylgja safnlisti og upprit á miðprófi og framhaldsprófi.
9. Uppfylli verkefnaval prófsins ekki ákvæði viðeigandi námskrár að mati prófdómara ber honum að skila skriflegri athugasemd til Prófanefndar tónlistarskóla sem getur ákveðið að ógilda próf að hluta eða öllu leyti.
10. Prófdómari er ábyrgur fyrir því að nemandi fái hæfilegt prófverkefni í óundirbúnum nótnalestri.
11. Kennara er heimilt að vera viðstaddur áfangapróf enda hafi hann ekki áhrif á niðurstöður prófdómara.
12. Prófdómari dæmir frammistöðu nemandans á prófi án tillits til hugsanlegra skýringa eða athugasemda.
13. Prófdómara ber að gera nemendum grein fyrir mati sínu á hverjum þætti prófsins með skriflegri umsögn og tölum, bæði hvað vel var gert og hvað betur hefði mátt fara.
14. Prófdómari skal vera viðstaddur framhaldsprófstónleika og gefa skriflega umsögn um frammistöðu nemandans. Sé þess nokkur kostur skal það vera sami prófdómari og dæmdi framhaldspróf viðkomandi nemanda.

## Prófreglur – tónfræðapróf

1. Tónfræðapróf í miðnámi er skriflegt, verklegt og munnlegt.
2. Framhaldspróf í djasshlómfræði er skriflegt og verklegt, framhaldspróf í tónheyrn er skriflegt og munnlegt, framhaldspróf í djass- og rokksögu er skriflegt. Alla jafna skal prófa í valgrein til framhaldsprófs en gerð prófs eða annars námsmats veltur á eðli valgreinar.
3. Það ræðst eingöngu af meðaleinkunn allra prófþátta hvort nemandi stenst próf eða ekki. Til að standast miðpróf í tónfræðum þarf einkunnina 6,0. Til að standast framhaldspróf í tónfræðum þarf einkunnina 6,0 í eftirtöldum greinum, hverri fyrir sig: djasshlómfræði, tónheyrn, djass- og rokksögu og einni valgrein. Til að standast framhaldspróf í tónfræðum sem aðalgrein þarf einkunnina 6,0 í hverri eftirtalinna greina: tónsmíðum, útsetningu og tölvutækni.
4. Miðpróf skal fara fram að vori, samkvæmt nánari ákvörðun Prófanefndar tónlistarskóla.
5. Próftími miðprófs skal auglýstur í upphafi hvers skólaárs.
6. Miðpróf skal samið af Prófanefnd tónlistarskóla.

7. Nákvæmar leiðbeiningar um framkvæmd og fyrirgjöf munnlegra og verklegra prófþátta fylgja miðprófi. Skólastjórar í einstökum skólum bera ábyrgð á að framkvæmd og fyrirgjöf sé í samræmi við leiðbeiningar og fyrirmæli Prófaneftndar.
8. Skriflegar úrlausnir nemenda á miðprófi, ásamt einkunn úr munnlegum prófþáttum, skal senda Prófaneftnd sem annast yfirferð og sendir niðurstöður til viðkomandi skóla.
9. Framhaldspróf skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári svo fremi að nemendur í viðkomandi skóla hyggist þreyta prófið.
10. Framhaldspróf eru samin í hverjum skóla og skulu þau vera í samræmi við ákvæði aðalnámskrár tónlistarskóla.
11. Framhaldspróf skulu yfirfarin í hverjum skóla.
12. Afrit lokaverkefna nemenda á framhaldsprófi í tónfræðum sem aðalgrein skal senda Prófaneftnd tónlistarskóla sem gefur út áfangaprófsskírteini.

## Grunnpróf tónlistarskóla

Grunnpróf tónlistarskóla er tvíþætt: hljóðfærapróf og tónfræðapróf. Til að standast prófið þarf 60 einingar af 100 mögulegum í hljóðfæraleyk, þ.e. lágmarkseinkunn er 6,0. Sömu lágmarkseinkunn þarf í tónfræðagreinum. Ekki eru gerðar kröfur um lágmarksárangur í einstökum prófþáttum. Ekki þarf að ljúka báðum þáttum prófsins á sama árinu.

### Hljóðfærapróf

Miða skal við að heildarpróftími á grunnprófi í hljóðfæraleyk fari ekki fram yfir 30 mínútur. Á prófinu skal nemandi flytja eftirfarandi þætti utanbókar: aðallög, lög af safnlista, tónstiga og hljóma. Önnur prófverkefni er heimilt að leika eftir nótum.

#### Prófþættir eru þessir:

1. **Verk** (15 einingar hvert) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
  - a) Tvö ólík aðallög.
  - b) Eitt lag af fjögurra laga safnlista – valið af prófdómara.
2. **Æfing** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
3. **Tónstigar og hljómar** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
4. **Val** (10 einingar). Nemandi velji annað eftirtalinna viðfangsefna:
  - a) Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
  - b) Leiki verk úr klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
5. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
  - a) Hefðbundinn nótnalestur.
  - b) Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá.
6. **Heildarsvipur** (5 einingar).

Próf á trommusett og í söng fellur ekki algjörlega að þessum prófþáttum. Nánar er gerð grein fyrir útfærslu prófþátta á grunnprófi á trommusett á bls. \*\* í þessu riti.

### Tónfræðapróf

Gert er ráð fyrir að nemendur í rytmísku tónlistarnámi stundi almennt grunnám í tónfræðagreinum og ljúki grunnprófi samkvæmt námskrá í tónfræðagreinum.

Prófkröfur á grunnprófi í tónfræðagreinum miðast við þekkingu og færni nemenda við lok grunnnáms. Í tónfræðanámskrá er gerð nánari grein fyrir einstökum prófþáttum, inntaki þeirra og framkvæmd prófsins.

## Miðpróf tónlistarskóla

Til að geta þeytt miðpróf tónlistarskóla þarf nemandi áður að hafa lokið grunnprófi að fullu. Miðprófið er tvíþætt: hljóðfærapróf og tónfræðapróf. Til að standast prófið þarf 60 einingar af 100 mögulegum í hljóðfæraleik, þ.e. lágmarkseinkunn er 6,0. Sömu lágmarkseinkunn þarf í tónfræðagreinum. Ekki eru gerðar kröfur um lágmarksárangur í einstökum prófþáttum. Ekki þarf að ljúka báðum þáttum prófsins á sama árinu.

### Hljóðfærapróf

Miða skal við að heildarpróftími á miðprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 50 mínútur. Á prófinu skal nemandi flytja eftirfarandi þætti utanbókar: aðallög, lög af safnlista, upprit, tónstiga og hljóma. Önnur prófverkefni er heimilt að leika eftir nótum.

#### Prófþættir eru þessir:

- 1. Verk** (12 einingar hvert) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
  - a) Tvö ólík aðallög.
  - b) Eitt lag af fjórtán laga safnlista – valið af prófdómara.
- 2. Upprit** (12 einingar) flutt með upprunalegri upptöku.
- 3. Æfing** (12 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
- 4. Tónstigar og hljómar** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
- 5. Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
  - a) Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
  - b) Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni.
  - c) Leiki verk úr klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
- 6. Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
  - a) Hefðbundinn nótnalestur.
  - b) Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá.
- 7. Heildarsvipur** (5 einingar).

Próf á trommusett og í söng fellur ekki algjörlega að þessum prófþáttum. Nánar er gerð grein fyrir útfærslu prófþátta á miðprófi á trommusett á bls. \*\* í þessu riti.

### Tónfræðapróf

Í tónfræðakafli á bls. \*\* í þessu riti er gerð grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem nemendur þurfa að uppfylla til að ljúka miðprófi í tónfræðagreinum í rytmísku tónlistarnámi. Einnig er gerð grein fyrir einstökum prófþáttum, inntaki þeirra, og framkvæmd prófa.

## Framhaldspróf tónlistarskóla

Framhaldspróf er lokapróf á námsferli í tónlistarskóla. Til að geta þreytt prófið þarf nemandi áður að hafa lokið miðprófi að fullu.

Framhaldspróf tónlistarskóla er þríþætt: hljóðfærapróf, tónfræðapróf og tónleikar. Til að standast prófið þarf 60 einingar af 100 mögulegum í hljóðfæraleik, þ.e. lágmarkseinkunn er 6,0. Sömu lágmarkseinkunn þarf í tónfræðagreinum. Ekki þarf að ljúka öllum þáttum prófsins á sama árinu en útskrift fer ekki fram fyrr en þeim er öllum lokið.

### Hljóðfærapróf

Miða skal við að heildarpróftími á framhaldsprófi í hljóðfæraleik fari ekki fram yfir 60 mínútur. Á prófinu skal nemandi flytja eftirfarandi þætti utanbókar: aðallög, lög af safnlista, upprit, tónstiga og hljóma. Önnur prófverkefni er heimilt að leika eftir nótum.

#### Prófpættir eru þessir:

1. **Verk** (12 einingar hvert) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
  - a) Tvö ólík aðallög.
  - b) Eitt lag af 32 laga safnlista – valið af prófdómara.
2. **Upprit** (12 einingar) flutt með upprunalegri upptöku.
3. **Æfing** (12 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
4. **Tónstigar og hljómar** (15 einingar) í samræmi við kröfur greinanámskrár.
5. **Val** (10 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
  - a) Leiki frumsamið verk eða eigin útsetningu.
  - b) Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.
  - d) Leikið tónverk á annað hljóðfæri úr sömu fjölskyldu og aðalhljóðfæri.
6. **Óundirbúinn nótnalestur** (10 einingar).
  - a) Hefðbundinn nótnalestur.
  - b) Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá.
7. **Heildarsvipur** (5 einingar).

Próf á trommusett og í söng fellur ekki algjörlega að þessum prófpáttum. Nánar er gerð grein fyrir útfærslu prófpátta á framhaldsprófi á trommusett á bls. \*\* í þessu riti.

### Tónfræðapróf

Í tónfræðakafli á bls. \*\* í þessu riti er gerð grein fyrir þeim lágmarkskröfum sem nemendur þurfa að uppfylla til að ljúka framhaldsprófi í tónfræðagreinum í rytmísku tónlistarnámi. Einnig er gerð grein fyrir einstökum prófpáttum, inntaki þeirra, framkvæmd prófa og lágmarkseinkunn. Á framhaldsprófi skal gefið fyrir próf í einstökum tónfræðagreinum. Til að standast próf þarf lágmarkseinkunnina 6,0 í hverri grein.

### Tónleikar

Að loknu framhaldsprófi í hljóðfæraleik í rytmískri tónlist skal nemandi halda tónleika með u.þ.b. 60 mínútna langri efnisskrá. Alla jafna er gert ráð fyrir að tónleikarnir séu samfelldir, án hlés. Efnistökur eru frjáls og engar stílrænar takmarkanir eru gerðar um efnisskrá en áhersla lögð á að hún sé sannfærandi og persónuleg.

fjölbreytt og krefjandi. Ekki er heldur gerð krafa um tengingu við efnisskrá undangengins framhaldsprófs en heimilt er að nota hana eða hluta hennar á tónleikunum. Þá er heimilt að nota eigin tónsmíðar á tónleikunum, þær geta verið hluti efnisskrár eða hugsanlega getur efnisskrá alfarið byggst á eigin tónsmíðum. Megináherslan er á að nemandi undirbúi og flytji efnisskrá sem er sannfærandi músíkölsk upplifun frá upphafi til enda. Nemandi ber ábyrgð á framsetningu tónlistarinnar, þ.m.t. samsetningu hljómsveitar og frammistöðu meðleikara. Fyrir frammistöðu á tónleikunum er gefin umsögn en ekki einkunn. Ekki er nauðsynlegt að halda tónleikana á sama skólaári og hljóðfæraprófið fer fram.

## Námslok

Til að ljúka framhaldsprófi tónlistarskóla þurfa nemendur að standast próf í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum samkvæmt þessari námskrá jafnframt því að ljúka tónleikabætti framhaldsprófsins.

## Skýringar við einstaka prófbætti á áfangaprófum

Hér á eftir fara stuttar skýringar á prófbáttum á áfangaprófum sem hafa ber til hliðsjónar þegar áfangapróf er undirbúið.

### Verk og safnlistar

Velja skal verkefni á áfangaprófum með hliðsjón af markmiðum og dæmum í viðeigandi hluta þessarar námskrár. Gæta skal þess að verkefnaval sé fjölbreytt og að nemendur leiki verk sem sýna ólík stílbrigði og tempó. Sérstaklega ætti að gæta þess að aðallögin tvö sýni ólíkar hliðar á leik nemandans.

Mikilvægt er að safnlistar innihaldi fjölbreytt úrval stílbrigða og tempóa. Miðað er við að sá lagafjöldi, sem bætist við frá einum námsáfangi til annars, sé af þyngdarstigi hins nýja áfanga. Heimilt er að nota bæði aðallög og safnlistalög frá fyrri prófum á safnlista síðari prófa. Ekkert er þó því til fyrirstöðu að allur safnlistinn sé endurnýjaður á milli prófa. Miðað skal við að flutningur aðallaga sé vandaðri og betur undirbúinn en flutningur safnlistalaga. Hlutverk safnlistans er að stuðla að efnisskráruppbyggingu og verður fjöldi laganna umtalsverður þegar líður á námsferilinn. Því eru gerðar ögn vægari kröfur um flutning safnlistalaga en aðallaga á áfangaprófum.

Á áfangaprófum í trommuleik kemur taktbirgðalisti í stað safnlista.

### Upprit

Upprit eru flutt á miðprófi og framhaldsprófi. Þau eru flutt utanbókar með hljóðritun af upprunalegum einleikara. Á miðprófi geta nemendur valið að flytja eigið upprit eða útgefið. Í báðum tilfellum skal flutningurinn þó vera utanbókar en uppritinu skilað til prófdómara. Á framhaldsprófi er miðað við að nemandur flytji upprit sem þeir hafa unnið sjálfir, lært utan að og skrifað niður. Þegar um eigið upprit nemandar er að ræða skal skila snyrtilega frágengnu uppriti með nótum og hljómatáknum til prófdómara í prófinu.

Í ljósi þess að einleikskafar á bassa og trommur eru oft styttri en einleikskafar annarra hljóðfæra getur verið heppilegt að bassa- og trommunemendur riti upp og flytji hluta undirleiks á undan eða eftir einleikskafli. Í slíkum tilfellum er gert ráð fyrir að undirleikur og einleikskafli sé fluttur sem ein heild. Mikilvægt undirleiks- og samleikshlutverk þessara hljóðfæra styður val verkefna af þessari gerð.

Við flutning upprita er nauðsynlegt að nemandi heyri vel í upptökunni sem hann leikur með. Sömuleiðis er mikilvægt að prófdómari heyri vel og í jöfnum hlutföllum í nemanda og hljóðriti. Mikilvægt er að á prófstað sé hugað vel að þessum atriðum.

### **Æfingar**

Á áfangaprófum geta nemendur í rytmísku tónlistarnámi leikið klassíska etýðu eða sambærilega æfingu af rytmískum toga. Í báðum tilfellum þarf að gæta þess að um sé að ræða verk sem skrifað er sem æfing, meðal annars með styrkbreytingum, leiðbeinandi orðum eða táknum. Við val æfingar skal hafa til hliðsjónar dæmi um æfingar úr viðeigandi hluta þessarar námskrár eða sambærilegri klassískri greinanámskrá.

Á áfangaprófum í söng koma söngæfingar í stað æfingar.

### **Tónstigar og hljómar**

Í greinanámskrám er að finna ákvæði um hvaða tónstiga og hljóma nemendur skulu undirbúa fyrir hvert áfangapróf. Enn fremur eru í greinanámskrám fyrirsmæli um tónsvið, hraða og annan leikmáta. Á prófi velur prófdómari hvaða tónstigar og hljómar eru leiknir.

Rétt eins og í öðrum verkefnum er mikilvægt að flutningur sé vandaður. Tónstiga og hljóma skal leika jafnt, hiklaust og utanbókar. Mikilvægt að svörun sé greið og hraði í samræmi við kröfur námskrár.

Á áfangaprófum í trommuleik koma undirstöðuæfingar, handsetningaræfingar og samhæfingaræfingar í stað tónstiga og hljóma.

### **Val – grunnpróf**

Á grunnprófi er nemandi gefinn kostur á að velja eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a) Nemandi flytji frumsamið verk eða eigin útsetningu. Þess er ekki krafist að nemandinn hafi skráð verkið. Heimilt er að leika frumsamið samleiksverk að því tilskildu að höfundur leiki á sitt aðalhljóðfæri og gegni lykilhlutverki.
- b) Nemandi leiki verk úr klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og prófverkefni á klassísku grunnprófi.

### **Val – miðpróf**

Á miðprófi er nemandi gefinn kostur á að velja eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a) Nemandi flytji frumsamið verk eða eigin útsetningu. Þess er ekki krafist að nemandinn hafi skráð verkið. Heimilt er að leika frumsamið samleiksverk að því tilskildu að höfundur leiki á sitt aðalhljóðfæri og gegni lykilhlutverki.
- b) Nemandi leiki verk að eigin vali. Verkið skal vera af sambærilegri þyngd og önnur miðprófsverkefni. Þessi valþáttur er þannig sambærilegur einstökum

liðum í prófþætti 1a) og gefur meðal annars möguleika á að nemandi sýni enn aukna stílræna breidd í tónlistarflutningi.

- c) Nemandi leiki verk úr klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og prófverkefni á klassísku miðprófi.

### Val – framhaldspróf

Á framhaldsprófi er nemandi gefinn kostur á að velja á eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a) Nemandi flytji frumsamið verk eða eigin útsetningu. Þess er ekki krafist að nemandinn hafi skráð verkið. Heimilt er að leika frumsamið samleiksverk að því tilskildu að höfundur leiki á sitt aðalhljóðfæri og gegni lykilhlutverki.
- b) Nemandi leiki tónverk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur framhaldsprófsverkefni. Þessi valþáttur gefur meðal annars möguleika á að nemandi sýni enn aukna stílræna breidd í tónlistarflutningi.
- c) Nemandi leiki tónverk á annað hljóðfæri úr sömu hljóðfærafjölskyldu og aðalhljóðfæri. Hér er til dæmis átt við að tenórsaxófónleikari leiki verk á sópransaxófón, trompetleikari á flygilhorn eða rafgítarleikari leiki á annars konar gítar. Ekki er gert ráð fyrir að leikið sé á fjarskyldari hljóðfæri, svo sem að saxófónleikari leiki á flautu eða gítarleikari á bassa.

### Óundirbúinn nótnalestur

Prófkörfur í óundirbúnum nótnalestri í rytmískri tónlist eru breytilegar eftir hljóðfærum og námsstigum. Almenn er óundirbúinn nótnalestur á áfangaprófum tvískiptur. Annars vegar er um að ræða hefðbundinn nótnalestur og hins vegar hljómalestur til spuna og undirleiks. Nemendur á laglínuhljóðfæri og í söng spinna yfir hljómana en nemendur á hljómahljóðfæri og bassa flytja bæði undirleik og spuna yfir hljómana. Prófdómari eða meðleikari leikur hljómana með nemandanum. Ef um söngvara er að ræða er hljómagangurinn leikinn einu sinni áður en spuni hefst.

Á framhaldsprófi þurfa nemendur sem leika á tónflutningshljóðfæri (t.d. trompet og saxófón), auk ofanritaðs, að tónflytja nótur sem ritaðar eru fyrir C-hljóðfæri.

Hjá trommunemendum er annars vegar um að ræða hefðbundinn lestur á sneriltrommu og hins vegar útsetningalestur á trommuset. Með útsetningalestri er átt við lestrardæmi sem skrifað er á sambærilegan hátt og trommurödd í stórsveitarútsetningu. Ákveðinn stíll eða taktbrigði er lagt til grundvallar og má nemandinn leika það frjállega. Hann fylgist með skráðu formi en leikur þau hrynmynstur og áherslur sem skrifaðar eru á stöku stað.

Á áfangaprófi fær nemandi eina mínútu til að líta yfir nótnalestrardæmið í hljóði og skal síðan flytja verkefnið einu sinni. Sama á við um hljómalestur og tónflutning. Þegar um tvö verkefni er að ræða gildir hvort þeirra helming af vægi prófþáttarins (5 einingar af 10). Sé tónflutningur auk þess prófaður gildir hver liður 1/3 að vægi prófþáttarins. Prófverkefni í óundirbúnum nótnalestri og hljómalestri skulu vera stutt og í samræmi við markmið í þessari námskrá. Prófverkefni í óundirbúnum tónflutningi skulu vera stutt og léttari en almenn óundirbúin nótnalestrar- og hljómalestrardæmi á framhaldsprófi.

## **Heildarsvipur**

Á áfangaprófum í rytmískri tónlist er gefin sérstök einkunn fyrir framkomu, listræna túlkun, öryggi og yfirbragð prófsins. Á miðprófi og enn frekar á framhaldsprófi hefur val meðleikara, geta þeirra og frammistaða, útsetningar, samsetning og framsetning efnisskrár einnig áhrif á einkunn fyrir heildarsvip. Þannig er meðal annars tekið mið af samsetningu safnlista, einkum hvað varðar fjölbreytni og metnað.

# STIGSPRÓF

Tónlistarskólum er í sjálfsvald sett hvort námi innan áfanga er skipt niður í stig. Jafnframt hafa skólar frjálssar hendur um önnur próf en áfangapróf. Fyrir þá skóla, sem kjósa að halda stigspróf á milli áfangaprófa, fara hér á eftir nokkrar ábendingar.

## Skipulag

Í greinanámskrám eru skilgreind markmið og gerð grein fyrir námskröfum við lok grunnnáms, miðnáms og framhaldsnáms. Tónlistarskólar geta skilgreint markmið og námskröfur fyrir einstök stig innan áfanganna en gæta þarf samræmis við þær námskröfur og markmið sem nemendur þurfa að hafa náð við lok viðkomandi áfanga. Þannig er tónlistarskólum heimilt að skipta grunnnámi í þrjú stig, miðnámi í tvö stig og framhaldsnámi í tvö stig, alls sjö stig.

Skólum er heimilt að halda stigspróf á milli áfangaprófa, þ.e. við lok I., II., IV. og VI. stigs en grunnpróf kemur í stað III. stigs, miðpróf í stað V. stigs og náminu lýkur með framhaldsprófi sem kemur í stað VII. stigs. Ef tekin eru stigspróf í hljóðfæraleik er mælt með því að prófin séu með líku sniði og áfangapróf, einkum hvað varðar fjölda og vægi prófþátta. Þannig miðist I. og II. stigs próf við grunnpróf, IV. stigs próf við miðpróf og VI. stigs prófið við framhaldspróf. Verkefnaval og þyngdarstig stigsprófa er alfarið á ábyrgð hvers skóla.

Ef tekin eru stigspróf í tónfræðagreinum er mælt með sambærilegri tilhögun og á áfangaprófum, þ.e. að prófa í sömu námsþáttum og hafa hliðsjón af greinanámskrá í tónfræðum.

## Prófdæming og einkunnagjöf

Hver skóli ber ábyrgð á prófdæmingu stigsprófa. Þótt ekki séu gerðar sömu kröfur til prófdómara sem dæma stigspróf og prófdómara á áfangaprófum er mikilvægt að vanda til prófdæmingar.

Setji skólar reglur um einkunnagjöf og lágmarkseinkunn á stigsprófum er mælt með því að hafa þær sambærilegar því sem gildir um áfangapróf.

Mikilvægt er að nemendur fái ætíð skriflega umsögn um frammistöðu sína á stigsprófum í hljóðfæraleik.